

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1991 frá 20. október 2022 um að samþykkja dídekýldímetýlammóníumklóríð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1132 frá 8. júní 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun sem sæta takmörkunum ².
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzy (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2298):

„12zzzzzzzz. **32022 R 1991**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1991 frá 20. október 2022 (Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 11).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð (EB) nr. 1907/2006):

„– **32023 R 1132**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1132 frá 8. júní 2023 (Stjtið. ESB L 149, 9.6.2023, bls. 49).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 149, 9.6.2023, bls. 49.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2023/1132 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1991, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.